

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

38

27. marz

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu til tekinn tíma.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanskráðar reglur staðfestast hér með.

Menntamálaráðuneytið, 27. marz 1958.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóðinn Vinaminni í Mýrahreppi í 39 Austur-Skaftafellssýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. apríl 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Vinaminni í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vinaminni. Stofnfé hans er kr. 20000.00.

Sjóðurinn myndast þannig:

1. Af sjóði, er börn Álfheiðar Sigurðardóttur og manns hennar Benedikts Kristjánssonar, Einholti, hafa myndað til minningar um móður sína, kr. 5000.00.
2. Af sjóði, er myndaður hefur verið á vegum kvenfélagsins Eining á Mýrum, til minningar um ljósmóður Guðríði Guðmundsdóttur, Stórabóli, kr. 5000.00.
3. Af sjóði, er hjónin Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Benediktsson, Einholti, gefa til minningar um fyrri konu Kristjáns, Jóhönnu Steinunni Sigurðardóttur, kr. 10000.00.
4. Af gjöfum og áheitum er sjóðnum kunna að berast frá mönnum er vilja minnst vina sinna á þann hátt, er sjóður þessi hyggst gera.

39

22. apríl

2. gr.

Sjóður þessi skal starfa á vegum kvenfélagsins Eining á Mýrum, og skal kvenfélagið skipa sjóðnum stjórn. Hætti kvenfélagið starfsemi sinni, fellur stjórn sjóðsins í hendur hreppsnefndar.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast á innlánsdeild Kaupfélags Austur-Skaftfellinga.

4. gr.

Sjóðurinn skal veita sem gjöf, til einnar konu í sveitinni $\frac{5}{6}$ hlutum vaxta hans á ári hverju. Kona sú, er gjöfina hlýtur í hvert sinn, skal verja henni í þarfir heimilis síns, eftir því sem henni finnst mest aðkallandi í það skiptið.

5. gr.

Úthlutun skal veita úr sjóðnum árlega þeirri konu, er nefndinni finnst mest aðkallandi að veitt sé gjöfin í það skiptið. Veita má sömu konu oftast en einu sinni úr sjóðnum áður en umferð er lokið um alla sveitina, ef sjóðstjórn og úthlutunarnefnd sýnist svo.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal aukast af $\frac{1}{6}$ vaxta sjóðsins og með áheiti og gjöfum samkvæmt 1. gr. Þegar sjóðurinn hefur náð því að verða 50 þúsund, má verja öllum vöxtum sjóðsins til árlegra gjafa samkvæmt 4. gr., og þó aldrei minna á ári til hverrar konu en kr. 1000.00.

7. gr.

Stjórn sjóðsins annast ávöxtun hans og setur að öðru leyti starfsreglur eftir því, sem þurfa þykir. Enn fremur annast hún um úthlutun gjafa úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem hér á undan greinir. Skal úthlutun úr sjóðnum í fyrsta sinn fara fram á 75 ára afmæli Jóhönnu St. Sigurðardóttur, Einholti, 22. ágúst 1958.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun gjafa og aðrar fundarsamþykktir og svo annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningi lokið fyrir lok marz mánaðar, og skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðanda hreppsreikninga í sýslunni.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún því næst prentuð í B-deild stjórnartíðinda.

Einholti, 1. janúar 1958.

Sigríður Halldórsdóttir. Kristján Benediktsson.

Samþykkt f. h. Kvenfélagsins Eining.

Sigríður Kristjánsdóttir.